

# Breyting á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018

---

**Greinargerð**

**10. október 2016**



SVÆÐI OFAN BYGGÐAR Á TÁLKNAFIRÐI OG  
STÆKKUN Á ÞÉTTVÝLISMÖRKUM  
Tálknafjarðarhreppur



## **Efnisyfirlit**

1.	<i>Inngangur</i> .....	3
2.	<i>Markmið</i> .....	3
2.1.	<i>Staðhættir og umhverfisaðstæður</i> .....	3
3.	<i>Breytingar á aðalskipulagi</i> .....	3
3.1.	<i>Opin svæði til sérstakra nota</i> .....	3
3.2.	<i>Hafnarsvæði</i> .....	5
3.3.	<i>Afmörkun þéttbýlis</i> .....	5
4.	<i>Umhverfisáhrif</i> .....	6
5.	<i>Málsmeðferð</i> .....	6
6.	<i>Heimildarskrá</i> .....	7

## 1. Inngangur

Tálknafjarðarhreppur vinnur nú að breytingu á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 sem staðfest var 15.12.2006. Um er að ræða breytingu á landnotkun á jaðarsvæðum í þéttbýli Tálknafjarðar. Hlíðar ofan byggðar, lækjarfarvegir, gil, árbakkar, fjörur og strandsvæði eru skilgreindar sem opið svæði til sérstakra nota í staðinn fyrir óbyggð svæði. Mörk þéttbýlis eru einnig stækkuð til austurs.

Fyrirhuguð er einnig stækkun hafnarsvæðis á Tálknafirði en aukin umsvif vegna fiskeldis og aukin eftirspurn eftir lóðum á hafnarsvæði kalla á stækkun hafnarsvæðisins og aukna landfyllingu.

Gerðar eru viðeigandi breytingar á uppdrætti og greinargerð.

## 2. Markmið

Helstu markmið fyrir breytingunni er að vikka út möguleika til mannvirkjagerðar í útjaðri þéttbýlis í Tálknafirði hvort sem er til útivistar eða ofanflóðavarna sem og aukið athafnarými á hafnarsvæði Tálknafjarðar vegna aukinna umsvifa í fiskeldi á sunnanverðum Vestfjörðum og eftirspurnar eftir auknu landrymi fyrir hafnsækna starfsemi.

### 2.1. Staðhættir og umhverfisaðstæður

Byggðin á Tálknafirði stendur innan við Sveinseyri við norðanverðan Tálknafjörð og byggðist upp að mestu upp úr miðri tuttugustu öld. Mestu uppgangsár í byggðinni voru 1960-1980. Flestir voru íbúar 353 árið 2001 en hefur fækkað ár frá ári eftir það. Í ársbyrjun 2016 voru íbúar í þéttbýlinu 251 (Hagstofa Íslands, [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is), í janúar 2016).

Megin uppistaða í atvinnulífi á Tálknafirði var fiskvinnsla en í dag er hefðbundin fiskvinnsla að mestu aflögð. Þjónustugreinar hafa styrkst síðasta áratuginn og einnig aukin umsvif í kringum laxeldi á svæðinu.

## 3. Breytingar á aðalskipulagi

Breytingar á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps vegna framangreindra áforma eru í þremur liðum:

1. Breyting á landnotkun í útjaðri þéttbýlis, óbyggð svæði verða að opnu svæði til sérstakra nota.
2. Breyting á stærð og afmörkun hafnarsvæðis.
3. Stækkun þéttbýlismarkna.

### 3.1. Opin svæði til sérstakra nota

Gerðar eru breytingar á útjöðrum þéttbýlis á Tálknafirði. Hlíðarnar ofan byggðar, lækjarfarvegir, gil, árbakkar, fjörur og strandsvæði eru samkvæmt gildandi aðalskipulagi skilgreind sem óbyggð svæði en verða með breytingunni skilgreind sem opið svæði til sérstakra nota. Ástæða breytingarinnar er sú að verið er að vikka út út möguleika til mannvirkjagerðar í útjaðri þéttbýlis hvort sem er til útivistar eða ofanflóðavarna. Eftirfarandi breytingar verða gerðar á töflu í kafla 3.9 um opin svæði til sérstakra nota. Við töflu bætist númerið Ú12 en tafla annars óbreytt.

Tafla fyrir breytingar:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
Ú1	Skógræktarsvæði	Skógræktarsvæði sem er nýtt sem útivistarsvæði í miklum mæli. Stærð svæðis 4,8 ha.
Ú2	Fjölnota grasflöt	Fjölnota grasflöt vestan tjaldsvæðis og félagsheimilis. Stærð svæðis 2,2 ha.
Ú3	Íþróttasvæði	Knattspyrnuvöllur og önnur aðstaða til íþróttaiðkunar. Stærð svæðis 2,3 ha.
Ú4	Útivistarsvæði	Almennt útivistarsvæði. Stærð svæðis 2,8 ha.

Ú5	<b>Leikvöllur</b>	Leikvöllur við fyrirhugað hótél og þjónustuhús vestan kirkjunnar. Stærð svæðis 0,08 ha.
Ú6	<b>Kirkjugarður</b>	Kirkjugarður norðan kirkjunnar. Stærð svæðis 0,4 ha.
Ú7	<b>Sparkvöllur</b>	Gervigrasvöllur. Stærð svæðis 1,5 ha.
Ú8	<b>Skíðabrekka</b>	Skíðasvæði Tálknfirðinga með einni lyftu. Stærð svæðis 36 ha.
Ú9	<b>Almenningsgarður</b>	Almenningsgarður innan þéttbýlis. Stærð svæðis 0,6 ha.
Ú10	<b>Leikvöllur</b>	Almennur leikvöllur innan þéttbýlis. Stærð svæðis 0,1 ha.
Ú11	<b>Útivistarsvæði</b>	Fjölnota grasflöt sem nýtast mun til boltaleikja og annarrar útivistar þar sem grasflatir þurfa að vera stórar í tengslum við frístundabyggð í landi Sveinseyrar. Stærð svæðis 3 ha.

### Tafla eftir breytingar

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
Ú1	<b>Skógræktarsvæði</b>	Skógræktarsvæði sem er nýtt sem útivistarsvæði í miklum mæli. Stærð svæðis 4,8 ha.
Ú2	<b>Fjölnota grasflöt</b>	Fjölnota grasflöt vestan tjaldsvæðis og félagsheimilis. Stærð svæðis 2,2 ha.
Ú3	<b>Íþróttasvæði</b>	Knattspyrnuvöllur og önnur aðstaða til íþróttaiðkunar. Stærð svæðis 2,3 ha.
Ú4	<b>Útivistarsvæði</b>	Almennt útivistarsvæði. Stærð svæðis 2,8 ha.
Ú5	<b>Leikvöllur</b>	Leikvöllur við fyrirhugað hótél og þjónustuhús vestan kirkjunnar. Stærð svæðis 0,08 ha.
Ú6	<b>Kirkjugarður</b>	Kirkjugarður norðan kirkjunnar. Stærð svæðis 0,4 ha.
Ú7	<b>Sparkvöllur</b>	Gervigrasvöllur. Stærð svæðis 1,5 ha.
Ú8	<b>Skíðabrekka</b>	Skíðasvæði Tálknfirðinga með einni lyftu. Stærð svæðis 36 ha.
Ú9	<b>Almenningsgarður</b>	Almenningsgarður innan þéttbýlis. Stærð svæðis 0,6 ha.
Ú10	<b>Leikvöllur</b>	Almennur leikvöllur innan þéttbýlis. Stærð svæðis 0,1 ha.
Ú11	<b>Útivistarsvæði</b>	Fjölnota grasflöt sem nýtast mun til boltaleikja og annarrar útivistar þar sem grasflatir þurfa að vera stórar í tengslum við frístundabyggð í landi Sveinseyrar. Stærð svæðis 3 ha.
Ú12	<b>Án auðkennis</b>	Hlíðar ofan byggðar, lækjarfarvegir og gil, fjara og strandsvæði.  Á þessum svæðum er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem vænta má vegna almennar útivistar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Einnig er gert ráð fyrir varnavirkjum vegna ofanflóða.

Breytingin mun ekki hafa áhrif á hverfisverndarsvæði á Sveinseyrarodda og áfram gilda þau hverfisverndarákvæði sem sett eru fram í gildandi aðalskipulagi.

Ákvæði hverfisverndar eru þessi:

- Á varptíma frá 1. apríl – 30. júlí er öll umferð bönnuð innan afgirts svæðis.
- A mörkum svæðisins er útsýnistaður þar sem hægt er að horfa yfir svæðið.
- Utan varptíma eru gönguleiðir einungis leyfðar meðfram fjörunni.
- Öll umferða hunda og hrossa er bönnuð um svæðið.

- e. Innan svæðisins skal öll mannvirkjagerð vera í lágmarki en leyfilegt er að búa í haginn fyrir æðavarpíð og þess gætt að það leiði til eins litillar röskunar og kostur er.

### 3.2. Hafnarsvæði

Gerð verður breyting á afmörkun hafnarsvæðis á Tálknafirði en svæðið verður stækkað til austurs. Ástæða breytingarinnar eru aukin umsvif vegna fiskeldis á svæðinu og þar sem núverandi hafnarsvæði er nánast full byggt þá er horft til þess að stækka svæðið til austurs þar sem eru talsverðar grynningar. Sótt hefur verið þegar um stækkun á lóð sem er austast á hafnarsvæðinu undir fiskeldi. Ný aðkoma yrði gerð að hafnarsvæðinu og yrði hún austan við við Strandgötu 3 og 5. Um er að ræða stækkun um ca 2 ha.

#### Tafla fyrir breytingar:

Nr.	Heiti	Lýsing
H1	Tálknafjarðarhöfn	Bátahöfn. Bryggjukantar 323 m, lengd bryggju 100 m. Mesta dýpi við Nýjubryggju 6,5 m á 100 m kafla. <sup>1</sup> Heildarstærð svæðis í 4,5 ha.

#### Tafla eftir breytingar:

Nr.	Heiti	Lýsing
H1	Tálknafjarðarhöfn	Bátahöfn. Bryggjukantar 323 m, lengd bryggju 100 m. Mesta dýpi við Nýjubryggju 6,5 m á 100 m kafla. <sup>2</sup> Heildarstærð svæðis í 6,6 ha.

### 3.3. Afmörkun þéttbýlis

Afmörkun þéttbýlissvæðis er stækkað örlítið til austurs. Ástæða breytingarinnar er að með þessu næst að sýna opnu svæðin ofan byggðar innan þéttbýlis þar sem gert er ráð fyrir varnargörðum.



Mynd 3-1. Þéttbýlisuppráttur fyrir og eftir breytingu.

<sup>1</sup> Heimasíða Siglingastofnunar, <http://www.sigling.is>, 08.11.2005

<sup>2</sup> Heimasíða Siglingastofnunar, <http://www.sigling.is> 08.11.2005

#### 4. Umhverfisáhrif

Í samræmi við 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér sett fram umhverfisskýrsla sem gerir grein fyrir mati á áhrifum tillögunnar.

Tillaga um aðalskipulagsbreytingu er gerð í tengslum við hugmyndir um stækkun hafnaraðstöðu Tálknafjarðarhafnar með landfyllingu og er sú landfylling um 2 ha og fellur þ.a.l. undir c flokk framkvæmda. Gerð er því einungis grein fyrir umhverfisáhrifum í samræmi við skipulagslög en ekki lög um umhverfismat áætlaða.

Í samgönguáætlun 2011-2022 er skilgreint grunnet samgangna en til þess teljast helstu hafnir og ferju- og siglingaleiðir til og frá landinu. Tálknafjarðarhöfn er skilgreind sem höfn í grunneti. Tillagan er í samræmi við samgönguáætlun. Í Aðalskipulagi Tálknafjarðar eru eftirfarandi markmið eru sett fram um hafnarsvæði.

Markmið:

**a. Stuðlað verði að betri nýtingu núverandi hafnaraðstöðu og aðstöðu til úrvinnslu sjávarfangs.**

Leiðir:

- Tryggt verði nægjanlegt framboð rúmra lóða fyrir hafnsækna starfsemi.
- Fullvinnsla sjávarafurða verði stórlega efla.
- Að lækka flutningskostnað með því að lækka álögur hins opinbera á flutningastarfsemi.
- Að lækka raforkukostnað atvinnufyrirtækja.

Ströndin þar sem gert er ráð fyrir uppfyllingu einkennist af grynningum og fjöru sem mun fara undir uppfyllingu og skerðast. Neikvæð áhrif mun því verða á lífríki og núverandi fjöru á svæðinu. Nýr aðkomuvegur mun verða gerður að hafnarsvæðinu sem mun færa umferð frá hafnarsvæðinu af Strandgötunni á nýjan aðkomuveg og þar af leiðandi færast fjær íbúðarbyggð.

Í skipulagsferlinu var skoðað hvort að rými væri fyrir stækkun Tálknafjarðarhafnar til þess að koma fyrir aðkomuvegi og meira rými fyrir hafnsækna starfsemi á austurhluta svæðis án þess að fara í miklar landfyllingar. Litið var svo á að stækkun hafnarsvæðisins með landfyllingu til austurs væri besti kosturinn.

Aðalskipulagið felur í sér stækkun hafnarsvæðis og að á því svæði verði hafnarstarfsemi af sama tagi og þegar er skilgreind í gildandi skipulagi. Stækkun hafnarsvæðisins er í tengslum við núverandi höfn. Sjónræn áhrif vegna stækkaðs hafnarsvæðis verða nokkur þar sem mannvirki koma í stað hafflata.

Efni í landfyllingu verður að mestu fengið úr framkvæmdum vegna ofanflóðavarnargarða eða úr opnum námum í sveitarfélaginu. Öll efnistaka á landi, úr ám, vötnum og af eða úr hafshotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd.

Stækkað hafnarsvæði, þar sem sem áformaðar eru landfyllingar og sjóvarnargarður, eru á svæði undir náttúruvá. hættusvæði B og C. Áformuð landnotkun á svæðinu tekur mið af þektri hættu á ofanflóðum en frekari grein er gerð fyrir áformaðri landnotkun á svæðinu í i deiliskipulagi.

Likur eru á því að stækkun hafnarsvæðis með landfyllingu og grjótnargarði hafi nokkuð neikvæð áhrif á landslag þar sem mannvirki koma í stað hafflata. Áhrif á lífríki eru óviss, en áhrif á öryggi eru hlutlaus.

#### 5. Málsmeðferð

Málsmeðferð hófst með gerð og kynningu skipulagslýsingar. Lýsingin var send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til umsagnar. Hún var jafnframt auglýst á vef Tálknafjarðarhrepps. Engar athugasemdir bárust vegna lýsingarinnar. Lýsingin var send til umsagnar til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Minjavarðar Vestfjarða, Samgöngustofu, Umhverfisstofnun, Vegagerðarinnar og Veðurstofu Íslands og bárust umsagnir frá Minjaverði, Vegagerðinni, Veðurstofu, Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun. Fyrirnefndir umsagnaraðilar munu fá tillögu aftur til umsagnar áður en tillagan verður auglýst og verður hún einnig kynnt fyrir íbúum annað hvort á almennum fundi eða á opnu húsi.

## 6. Heimildarskrá

1. Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018.
2. Halldór G. Pétursson, Höskuldur Búi Jónsson og Þorsteinn Sæmundsson, 2004. *Skriðuhætta og ummerki ofanflóða á Tálknafirði*. Náttúrufræðistofnun Íslands. Skýrsla nr. NÍ-04010. September 2004, Akureyri.
3. Hættumatsnefnd Tálknafjarðarhrepps, 2008. *Mat á hættu vegna ofanflóða á Tálknafirði, Greinargerð með hættumatskort*. April 2008.
4. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
5. Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
6. Lög nr. 107/2001, Þjóðminjalög.
7. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.
8. Lög nr. 64/1994 um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.
9. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
10. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
11. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
12. Náttúruverndarráð 1996. Náttúruminjasráð 7. útgáfa. Náttúruverndarráð. Reykjavík.
13. Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
14. Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
15. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.
16. Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997.
17. Skipulagsstofnun 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.
18. Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana
19. Snorri Páll Kjaran og Gunnar Guðni Tómasson, 1995. *Reiknilíkan fyrir rennsli snjóflóða*. Verkfræðistofan Vatnaskil. Ágúst 1995, Reykjavík.
20. Tómas Jóhannesson, Karstein Lied, Stefan Margreth og Frode Sandersen. 1996. *Þörf fyrir snjóflóðavarnarvirki á Íslandi. Yfirlit og mat á kostnaði*. Rit Veðurstofu Íslands, VÍ-R96003-ÚR02.
21. 2000. *Reglugerð 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats*.
22. Þórður Arason, Hörður Þór Sigurðsson og Trausti Jónsson. 2007. *Hættumat fyrir Tálknafjörð*. Veðurstofa Íslands. 07029. Desember 2007, Reykjavík.

23. 2007. *Reglugerð 495/2007 um breytingu á reglugerð 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.*